

Reykjavík 10. apríl 2024

***Minnisblað vegna fyrirspurnar áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um raunhæfismat vegna listaverksins Pálmatré sem vann samkeppni um útilistaverk í Vogabyggð (R19010428) – MSS24020179***

Borgarráð samþykkti að fara skyldi fram raunhæfismat á framkvæmd við gerð listaverksins Pálmatré eftir Karen Sander sem rísa á í Vogabyggð. Í kjölfarið var umhverfis- og skipulagssviði falið að vinna úttekt og hefur hún þegar farið fram. Niðurstaða matsins var að á allan hátt væri verkið framkvæmanlegt en umhverfi verksins á Vörputorgi og kostnaður, t.d. vegna gengisbreytinga, leiddu til þeirrar niðurstöðu að minnka verkið og setja upp annað af þeim tveim trjám sem ráðgerð voru. Haft var samráð við höfundinn um þessa niðurstöðu.

Gert er ráð fyrir að framkvæmdin við gerð verksins, þ.m.t. að planta trénu, fylgi frágangi opinna svæða í hverfinu og er hönnun torgsins og uppbygging háð annarri uppbyggingu á svæðinu en nú er unnið að hönnun brúar sem koma á inn á torgið og hefur talsverð áhrif á rými þess.

**Ólöf Kristín Sigurðardóttir, safnstjóri Listasafns Reykjavíkur**